



MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Alþingi
Nefnda- og greiningarsvið
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Reykjavík, 25. október 2023

Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands. 154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 242 — 239. mál.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands (MHÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp forsætisráðherra. MHÍ þakkar tækifæri til þess að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri sem stjórn stofnunarinnar vonar að nýtist Alþingi við vinnslu frumvarpsins.

MHÍ fagnar því að eftir langan aðdraganda muni áform stjórnvalda um landsstofnun á sviði mannréttinda, sem uppfylli Parísarviðmiðin, verða að veruleika. Landsstofnanir af þessum toga geta verið mikilvægar í vernd réttinda einstaklinga auk þess sem þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands kalla á að stofnunin verði sett á fót.


Ýmsar leiðir eru færar við samsetningu slíkrar stofnunar. Í frumvarpinu er farin sú leið að skilgreina verkefni stofnunarinnar með víðtækum og ótæmandi hætti, þó þannig að ekki verður um úrskurðarvald í málefnum einstaklinga að ræða. Sá verkefnalisti sem birtist í 2. gr. frumvarpsins er verulega umfangsmikill.

MHÍ leggur áherslu á að hinni nýju stofnun verði tryggt bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu. Árangur slíkrar stofnunar veltur að verulegu leyti á því að starfsemin sé nægilega fjármögnuð. Sem dæmi má nefna að fyrirsjáanlegt er að stöðluð verkefni, líkt og samstarf við aðrar stofnanir og skýrslugjöf til alþjóðlegra eftirlitsaðila, séu verulega tímafrek. Ísland er aðili að töluverðum fjölda mannréttindasamninga sem gera ráð fyrir skýrslugjöf og hlutverk landsstofnana um mannréttindi er afar mikils virði í þeirri málsmeðferð, að því gefnu að slíkar stofnanir geti vandað til verka. Þá er réttindagæsla fyrir fatlað fólk verkefni af því tagi að bráðnauðsynlegt er að hafa mannauð sem getur brugðist snöggt við erindum og varið fullnægjandi tíma í hvert verkefni.

Í frumvarpinu kemur fram mat á rekstrarkostnaði stofnunarinnar og kemur þar í ljós að útgjaldaaukning ríkissjóðs er takmörkuð, þrátt fyrir hinn umfangsmikla verkefnalista sem stofnuninni er ætlað að sinna. Með hliðsjón af því hefur MHÍ nokkrar áhyggjur af því að hin nýja stofnun muni ekki hafa tækifæri til þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti. Fullnægjandi fjármögnun stofnunarinnar er enda forsenda sjálfstæðis hennar og sérstaklega mikilvæg þar sem meðal verkefna stofnunarinnar á að vera að vekja athygli stjórnvalda og löggjafans á hugsanlegum mannréttindabrotum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar MHÍ


Kári Hólmár Ragnásson